

**Viðauki 2, með samningi mennta- og
menningarmálaráðuneytis
um kennslu og rannsóknir Háskólans í Reykjavík 2012-2016.**

Nám í haftengdri nýsköpun Vestmannaeyjum

15. nóvember 2016

Viðauki 2, með samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir Háskólans í Reykjavík 2012-2016.

Haftengd nýsköpun Vestmannaeyjum

Aðdragandi verkefnisins

Í apríl 2015 var skipaður stýrihópur um verkefnið er hafði það hlutverk að undirbúa rekstur og stofnun háskóladeildar í Vestmannaeyjum. Í stýrihópnum voru fulltrúar Vestmannaeyjabæjar, Samtökum atvinnulífsins, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri, Mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, MATÍS og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Markmið starfshópsins var að tryggja uppbyggingu, framkvæmd og framgang verkefnisins. Þann 14. apríl undirrituðu ráðherrar mennta- og menningarmála, iðnaðar og viðskiptamála, sjávarútvegs- og landbúnaðarmála auk forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjarvar samkomulag um að hafinn skyldi undirbúningur að kennslu í hafsækinni nýsköpun í Vestmannaeyjum.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti síðan tillögu um 25 m.kr. framlag til að koma á fót námslínu í haftengdri nýsköpun í Vestmannaeyjum á fjárlagalið 02-299 1,90 Háskólastarfsemi.

1. Markmið

a. Skammtímamarkmið

1. Að amk. 10 nemendur skráist til námsins á fyrsta ár og að aukning verði á milli rekstrarára
2. Aukið framboð vinnuafis í Vestmannaeyjum
3. Efla háskólanám í Vestmannaeyjum

b. Langtímamarkmið

1. Fjölgun nýrra starfa og stöðugilda í Vestmannaeyjum
2. Efling rannsóknastarfs og fjölgun samstarfsverkefna á sviði sjávarútvegs og nytja.
3. Fjölgun nýrra sprotafyrirtækja
4. Fjölgun íbúa í Vestmannaeyjum til lengri tíma

2. Efnisþættir og fyrirkomulag

Um er að ræða hagnýtt fullgilt háskólanám nám með áherslu á sjávarútveg og nýsköpun. Gert er ráð fyrir sérstæð diploma gráðu í haftengdri nýsköpun og telst námið vera ígildi 84 ECTS eininga og fer fram á 3 önnum (haust, vor og sumar). Nemendur eru skráðir í HR en námið er unnið í samstarfi milli HR og HA. Þar sem HR kennir 54 ECTS einingar en HA 30 ECTS einingar. Námið gildir sem eitt ár í grunnnámi í viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði og að hluta í tækni- og verkfræði og tölvunarfræði. Flestir áfangar eru metnir að fulli milli skólanna.

Yfirlit yfir námskeið:

ÖNN 1 – 30 ECTS	ÖNN 2 – 30 ECTS	ÖNN 3 – 24 ECTS
Markaðsfræði – HR	Rekstrargreining – HR	Starfsnám
Reikningshald – HR	Rekstrarstjórnun – HR	Alþjóðaviðskipti
Íslenskur sjávarútvegur - HA	Fiskifræði – HA	Vörubrún og nýsköpun
Veiðitækni – HA	Vinnslutækni – HA	Sérniðnar tæknilausnir
Hagnýt upplýsingakerfi – HR	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja	

Til að byrja með er kennt í núverandi húsnæði Þekkingarseturs að Strandgötu 50 og Visku símenntunarmiðstöðvar. Í gildi er samningur milli Háskólans í Reykjavík, Þekkingarsetursins og Visku og samtarfið og framlag hvers aðila. Framtíðaráform eru um að staðsetning verði í húsnæði Fiskiðjunnar sem nú er í uppbyggingu. Þar með fjölgar tækifærum til að efla rannsóknir og þróun með bættri aðstöðu.

3. Upplýsingar, samskipti og eftirlit

- 3.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 3.2. Fulltrúar ráðuneytis og Háskólans í Reykjavík funda að lágmarki einu sinni á ári um framkvæmd samningsins. Ráðuneytið boðar til funda.
- 3.3. Háskólinn í Reykjavík skilar ráðuneytinu til samþykktar áætlun um rekstur verkefnisins ásamt starfsáætlun þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok janúar ár hvert.
- 3.4. Fyrir lok júní ár hvert skilar Háskólinn í Reykjavík ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins ásamt fjárhagsuppgjöri liðins árs.

4. Ábyrgð, framkvæmd og fjármál

Háskólinn í Reykjavík ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins og annast alla framkvæmd og skipulagningu þess.

Af hálfu háskólans hefur viðskiptadeild og umsjónarmaður í Vestmannaeyjum umsjón með framkvæmd þessa samkomulags.

Í framhaldi af undirritun samnings þessa greiðir mennta- og menningarmálaráðuneytið til Háskólans í Reykjavík uppgjör fjárveitingar vegna ársins 2016 (50% 12,5 m.kr.) af lið 02-299 1.90 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi – Haftengd nýsköpun.

Framlag árána 2017- 2020 verða greidd í mars og september ár hvert á grundvelli starfsáætlunar hvers árs og árlegri greinargerð um framkvæmd ásamt fjárhagsuppgjöri (sbr. töluliði 3.3. og 3.4).

5. Gildistími og lok samnings

Viðauki þessi með samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir Háskólans í Reykjavík 2012-2016 gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016. Hann verður á árinu 2017 uppfærður á grundvelli nýs þjónustusamnings við Háskólann í Reykjavík, er tekur við af gildandi samningi um kennslu og rannsóknir 2012-2016 dags. 29. desember 2011

Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

Óski annar hvor aðila eftir að segja samningi upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 22. desember 2016

F.h. Háskólans í Reykjavík

Ingunn Svala Leifsdóttir
Ingunn Svala Leifsdóttir
Framkvæmdastjóri rekstrar

F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

Hellen Gunnarsdóttir
Hellen Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri
Skrifstofa mennta- og vísindamála